

95. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 5. júní, kl. 20:00, í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Eydís B. Eyþórsdóttir, Emil Þ. Guðbjörnsson, Björgvin Ólafsson, Guðmundur Kristinsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þorbergur Bæringsson, Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Hjörleifur Sigurþórsson/ Brynjar Daníelsson f.h. eigenda Skólastígs nr. 12 sækja um að rífa húsið og byggja nýtt samkvæmt teikningum dags. 30.05.'07. Einnig er sótt um afmörkun á lóð. Stærðir: 108,1 m², 275,4m³. Umsögn frá Húsfriðunarnefnd Ríkisins liggur fyrir dags. 4.05.'07.
Erindi frestað. Nefndin leggur til að hæðarkóti húss verði meter fyrir neðan núverandi gólf og bendir á að æskilegt væri að húsið væri klætt með láréttri timburklæðningu.
2. Skipavík/ Kristján Gunnlaugsson sækir um að byggja sumarhús við Arnarborg nr. 3, samkvæmt teikningum frá Glámu Kím dags. 15.03.'07. Stærðir: 103,1 m², 306,3 m³.
Erindi samþykkt. Gjöld samtas kr.
- Björgvin situr hjá undir lið nr. 3.
3. Björgvin Ólafsson Laufásvegi nr. 4 sækir um að byggja ofan á húsið samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofur E.K. Stærðir:
Erindi samþykkt með fyrirvara um gildistöku á deiliskipulagsbreytingu.
4. Ævar Gestsson/ heimagisting Ölmú sækir um að staðsetja upplýsingaskilti fyrir gistingu á ljósastaurum við Aðalgötu/Nesveg, Nesveg/Lágholt, Lágholt/Sundabakka.
Erindi samþykkt.
5. Lögð fram tillaga frá Róberti Jörgenssyni um loðarfrágang og staðsetningu á garðhýsi við Tjarnarás nr. 3.
Erindi samþykkt.

6. Byggingarfulltrúi afhentir nefndarmönnum rit um menningarstefnu íslenskra stjórnvalda í mannvirkjagerð.
7. Óleyfisbygging við Ásklif nr. 10.
Nefndin fer fram á að byggingarframkvæmdir við Ásklif nr. 10 verði stöðvaðar þar til tilskilin leyfi hafa verið gefin út.
8. Stykkishólmsbær / upplýsingamiðstöð sækir um að staðsetja upplýsingaskilti með i merkinu á ljósastaura við Aðalgötu og Borgarbraut.
Erindi samþykkt.
9. Kristján Berntsson og Eydís Jónsdóttir Víkurflöt nr. 3 óska eftir að byggja bílskúr með bárujárnsklæðingu og endurklæða íbúðarhús með sömu klæðningu samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu E.K. dags. maí '07. Stærðir: 45,6 m², 142,7 m³.
Erindi samþykkt með fyrirvara um fullnægjandi brunavarnir. Gjöld samtals kr.
10. Lagt fram bréf frá Grétu Sigurðardóttur um fyrirhugaðar framkvæmdir á lóð við Laufásveg nr. 1. Einnig ósk um minnkun á lóð sem nemur göngustíg og hann lagfærður.
Nefndin samþykkir óskir um minnkun á lóð. Erindi um frágang á stíg er vísað til bæjarstjórnar.
11. Trausti Tryggvason Silfurgötu 41 sækir um að staðsetja létt gróðurskýli á lóðinni sbr. tillöguteikningar dags. 5. 06. '07.
Erindi frestað.
12. Lagðar fram teikningar frá Arkitektastofu Benjamíns Magnússonar dags. 1.06.'07, um að breyta innkeyrsluhurð í vegg og glugga ásamt breytingum innanhúss á flugstöð sem stendur á flugvallarsvæði.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-
13. Magda Kulinska Borgarflöt nr. 7 sækir um að byggja við húsið samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu E.K., dags. maí 2007. Stærðir: 31.0 m², 85,3 m³.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.
14. Umferð við Bókhöðustíg.
Erindi frestað.
15. Önnur mál
15 a) *Nefndin leggur til að fari verði í viðhald á gögustígum og tröppum í Stykkishólmsbæ.*

B.V.